

Fyrir fund háskólaráðs 7. mars 2019

Tillaga starfshóps háskólaráðs um málefni aldursgreiningar, sbr. fund ráðsins 10. janúar sl.

Á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands 10. janúar sl. var samþykkt skipun starfshóps til þess að fara yfir gögn er varða mögulegt samkomulag Háskóla Íslands (HÍ) og Útlendingastofnunar (ÚTL) um aldursgreiningar út frá tönnum og undirbúa tillögu til háskólaráðs um afgreiðslu málsins. Ingibjörg Gunnarsdóttir, varaforseti háskólaráðs, var skipuð formaður starfshópsins. Aðrir fulltrúar í starfshópnum voru Benedikt Traustason, fulltrúi stúdenta, Ragna Árnadóttir, fulltrúi tilnefnd af háskólaráði og Siv Friðleifsdóttir, fulltrúi tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra. Björn Atli Davíðsson, lögfræðingur á skrifstofu rektors og Þórður Kristinsson, ráðgjafi rektors, unnu með starfshópnum.

Meirihluti starfshópsins (þrír af fjórum) leggur til að rektor verði falið í samráði við Heilbrigðisvísindasvið að ganga frá samkomulagi við Útlendingastofnun um verksamning Háskóla Íslands og Útlendingastofnunar um klíníska munnholsskoðun og röntgenmyndatökur, sbr. meðfylgjandi tillögu að samningi. Gengið verði frá viðeigandi fylgiskjölum í samræmi við það.

Fulltrúi stúdenta í starfshópnum stendur ekki að tillögunni og skilar hann séráliti þar um.

Skýring

Starfshópurinn hélt fimm fundi, fyrst 21. janúar sl. og síðast 26. febrúar. Fyrir fyrsta fund starfshópsins voru tekin saman í eitt skjal þau gögn sem fyrir lágu varðandi undirbúning mögulegs verksamnings um tilgreinda þjónustu Tannlæknadeildar vegna aldursgreiningar sem Útlendingastofnun er ábyrg fyrir skv. lögum. Í skjalinu eru samningsdrög eins og þau lágu fyrir ásamt fylgiskjölum, síðan umsagnir tveggja nefnda og athugasemdir forseta Tannlæknadeildar, svar við erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, ályktun stjórnar HVS og stúdenta HVS og ályktanir stúdenta og starfsmanna HUG, FÉL og HVS. Aftast í samantektinni er listi (ekki tæmandi) um skrif um efnið í fjölmiðlum.

Í umræðum á fyrsta fundi starfshópsins 21. janúar sl. kom fram að starfshópurinn taldi að hugtökin *rannsókn* og *heildstætt mat* væru óljós vegna misræmis í notkun þeirra í gögnum málsins og jafnframt hefði misskilnings gætt þar um í umræðu um málefnið. Hvað hugtakið *rannsókn* varðar, þá varð ljóst, m.a. með vísan til umsagnar vísindasiðanefndar og upplýsinga forseta Tannlæknadeildar, að aðkoma Tannlæknadeildar felur ekki í sér vísindarannsókn, heldur klíníska læknisskoðun, þ.e. klíníska munnholsskoðun og að gögnin eru ekki notuð í rannsóknartilgangi að skoðun lokinni. Starfshópurinn taldi nauðsynlegt að funda með fulltrúum frá Útlendingastofnun og Rauða krossinum til þess að fá skýrari mynd af ferli heildstæðs mats, en ljóst varð við nána skoðun og umfjöllun í hópnum að hugtakið heildstætt mat við aldursgreiningar mætti vera skýrara útfært og afmarkað í lögum.

Á fundum sínum fékk starfshópurinn til viðtals fulltrúa frá Útlendingastofnun, forseta Tannlæknadeildar, Umboðsmann barna (fundur 25. janúar), Rauða krossinum (31. janúar), Siðfræðistofnun HÍ (4. febrúar). Fundargerðir fylgja.

Að loknum þessum fundum áttu formaður og starfsmenn fundi með sérfræðingi Tannlæknadeildar (5. febrúar) og með fulltrúum ÚTL (13. febrúar) þar sem farið var yfir texta mögulegs verksamnings í ljósi þeirrar umræðu og viðtala sem átt hafa sér stað á vettvangi starfshópsins og gerðar breytingar á honum. Á fundinum með ÚTL var jafnframt fjallað um

texta eyðublaðs ÚTL um boðun í tannholsskoðun og röntgenmyndatöku. Þessir textar fylgja, sbr. hér að framan.

Breytingarnar miðuðu m.a. að því að skýra hugtakanotkun, afmarka hlutverk Tannlæknadeilar í ferli aldursgreiningar, þ.m.t. að vinnslusamningur verði gerður um meðferð persónuupplýsinga, og tryggja að beiðni ÚTL til Tannlæknadeildar um klínískra munnholsskoðun og röntgenmyndatöku á tönnum fylgi staðfesting frá Útlendingastofnun um að enn sé til staðar verulegur vafi á aldri umsækjanda eftir að aðrar aðferðir aldursgreiningar hafa verið fullreyndar. Þá er þeirri viðbót bætt í samninginn að samningsaðilar skulu tilnefna tvo tengiliði hvor til að sinna samráði um þjónustu á grundvelli samningsins og fylgjast með þróun mála er varða aldursgreiningar almennt, siðferðilegum álitaeftum og aðferðum aldursgreininga. Samráðshópurinn leiti ráðgjafar eftir þörfum og meti þörf á samráðsfundum um þjónustuna.

Meirihluti starfshópsinn bendir á að samkvæmt reglugerð um útlendinga nr. 540/2017 á að framkvæma líkamsrannsóknir leiki grunur á að viðkomandi segi rangt til um aldur. Verkefni háskólaráðs Háskóla Íslands er ekki að taka afstöðu með eða á móti slíkum líkamsrannsóknunum. Löggjafinn hefur þegar ákveðið að líkamsrannsóknir séu hluti af aldursgreiningarferli skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016 og reglugerðinni. Verkefni háskólaráðs lýtur að því að meta, út frá gildandi lögum, hvort klínískri munnholsskoðun og röntgenmyndatöku sem lið í heildstæðri aldursgreiningu, sé best borgið innan Tannlæknadeildar Háskóla Íslands eða að öðrum kosti á einkareknum tannlæknastofum, ef Útlendingastofnun metur að þörf sé á slíku. Að þessum tveimur kostum vegnum er það mat meirihluta starfshópsins að betra sé að Tannlæknadeild framkvæmi slíkar klínískar munnholsskoðanir og röntgenmyndatökur, sérlega í ljósi þess að Tannlæknadeild er eina opinbera tannlæknastofa landsins og eitt af hlutverkum háskólans er að veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Þar er sérþekking á klínískri skoðun af þessu tagi.

Eftir að hafa kynnt sér öll fyrirliggjandi gögn varðandi málefni aldursgreininga, er það mat starfshópsins að rétt sé að koma þeirri ábendingu formlega á framfæri við löggjafann að bókun Barnaverndarnefndar Sameinuðu þjóðanna um aldursgreiningar frá 16. nóvember 2017 kann að gefa tilefni til þess að endurskoða lög um útlendinga nr. 80/2016, í ljósi þess að ríkjum ber almennt að haga sinni löggjöf í samræmi við mannréttindasamninga sem þau eru aðilar að.

Þess er loks að geta að fimm hælisleitendur bíða nú eftir klínískri munnholsskoðun til aldursgreiningar, en sá sem hefur beðið lengst hefur beðið síðan í september 2018.

Með fylgja eftirtalin gögn:

Verksamningur um klínískra munnholsskoðun og röntgenmyndatöku.

Fylgiskjöl verksamnings (eru aðgengileg á vefsvæði háskólaráðs): Vinnureglur við klínískra munnholsskoðun og röntgenmyndatöki í Tannlæknadeild HÍ; Vinnureglur Útlendingastofnunar við aldursgreiningar; Boðun í klínískra munnholsskoðun og röntgenmyndatöku (eyðublað); Verklag og sundurliðun kostnaðar;

Með fylgir jafnframt sérálit fulltrúa stúdenta í starfshópnum.

Þá er vísað til gagnarefils sem tekinn var saman við upphaf vinnu starfshópsins og fundargerða frá fundum starfshópsins. Gögn þessi eru aðgengileg á vefsvæði háskólaráðs.